



Reykjavík, 24. mars 2015

Formaður verkefnahóps um starfsmenntun  
Guðrún Ragnarsdóttir  
Mennta- og menningarmálaráðuneytinu  
Sölvhólgötu 4  
101 Reykjavík

**Efni: Umsögn Kennarasambands Íslands um önnur drög aðgerðaáætlunar um starfsmenntun, dagsett 6. mars 2015.**

Eftirfarandi er umsögn fulltrúa Kennarasambands Íslands í samráðshópi verkefnastjórnar menntamálaráðuneytis um önnur drög aðgerðaáætlunar um starfsmenntun.

Kí telur ýmis atriði hafa skýrst í þessum drögum frá þeim fyrstu. Engu að síður eru í þessari umsögn Kí reifuð svipuð efnisatriði og í þeirri fyrri því áætlunin tekur til margra þátta, almennra og sértækra.

Kí telur veikleika aðgerðaáætlunar felast í því að ekki er nægileg áhersla lögð á aðgerðir sem hafa þann tilgang að ýta undir að fleiri grunnskólanemendur velji sér starfsnám í framhaldsskóla og áherslur á að breyta viðhorfum í samfélaginu til starfsmenntunar til að gera veg hennar meiri. Kí bendir á eftirfarandi atriði í þessu sambandi:

- Leggja þarf áherslu á að breyta viðhorfum til náms og skóla, efla skuldbindingu nemenda í námi og við skólann og ábyrgð foreldra á námi og námsástundun barna sinna til 18 ára aldurs. Stjórnvöld hafa hér afgerandi forystuhlutverki að gegna og þurfa að senda skýr skilaboð um nauðsyn viðhorfsbreytinga.
- Fjalla þarf sérstaklega um ábyrgð atvinnulífsins á því að breyta viðhorfum til starfsmenntunar, og aðgerðir í þessum tilgangi.
- Breyta þarf þeim viðhorfum að fyrst þurfi að ljúka námi til stúdentsprófs áður en farið er í verk, starfs- og tækninám. Mikilvægt er að nemendur í starfs, verk- og tækninámi í framhaldsskólum geti greiðlega lokið tæknimenntastúdentsprófi um svipað leyti og þeir ljúka sínu fagprófi.
- Efla þarf nám í grunnskólum í verk- og listgreinum til að auka aðsókn grunnskólanemenda í starfs, verk- og tækninám á framhaldsskólastigi. Kí telur það vera skyndilausn í menntamálum að koma á samræmdum prófum eða samræmdu getumati í grunnskólum í verk, starfs- og tæknigreinum til að gera veg þeirra meiri.
- Víkka þarf út skilgreiningu á starfsmenntun. Kí telur að tækninám höfði betur til ungs fólks og að sú nafngift myndi liðka fyrir almennri viðhorfsbreytingu.

Kí bendir á að tillögur um að styrkja stöðu og umgjörð starfsnáms, verknáms og tæknináms í framhaldsskólum fela í sér endurskoðun á starfsháttum og þurfa aðgerðir að fela í sér áætlanir um skólaþróun. Lykilatriði í þessu sambandi er að skapa kennurum aðstæður í starfi til að vinna að þessum markmiðum og að veita markvissan stuðning við símenntun og starfsþróun kennara innan og utan skóla.

Kí leggur áherslu á að tengja þætti í aðgerðaáætlun um starfsmenntun sem snerta kennarastarfið og aðstæður kennara við starf fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara, þar er nú unnið að stefnumótun um símenntun og starfsþróun kennarastéttarinnar.

Kí bendir á að í aðgerðaáætlun er ekki fjallað um námsefni og tengsl starfsnáms við framhaldsfræðslu en í inngangi eru þessi atriði nefnd.

Kí telur að verkefnahópurinn þurfi að gaumgæfa vel áhrif tillagna á annað nám í framhaldsskólum og námsskipulag, hvort að tillögur gætu mögulega haft þau áhrif að ýta undir meiri aðgreiningu starfsnáms og annars náms. Slík áhrif væru mjög óheppileg fyrir nemendur og skólana.

Kí telur nauðsynlegt að aðgerðaáætlanir um námstíma og starfsmenntun verði felldar saman í eina áætlun og þar fjallað skipulega annars vegar um atriði sem eru sameiginleg nemendum í grunnskólum og framhaldsskólum og atriði sem eiga einvörðungu við nemendur í framhaldsskólum og hins vegar um atriði sem eiga sérstaklega við um starfsmenntun.

Aðgerðaáætlun um starfsmenntun er viðamikil stefna menntamálaráðherra samkvæmt hvítbók og er ábyrgð og forystuhlutverk ráðherra og ráðuneytis afgerandi í framkvæmd aðgerða. Lykilatriði er að forgangsraða aðgerðum með skýrum hætti og tryggja skólum fjármuni og mannafla til að vinna að þeim.

Kí er þeirrar skoðunar að aðgerðaáætlun um starfsmenntun, eða áætlanir um námstíma og læsi geti ekki komið í staðinn fyrir áætlun um innleiðingu skólustarfsbreytinga samkvæmt námskrám skólastiganna sem svo mikil þörf er fyrir með myndarlegum stuðningi við skóla og kennara til að koma námskrám í framkvæmd.

Kí áskilur sér allan rétt til frekari umsagna um aðgerðaáætlun um starfsmenntun og að fylgja umsögnum eftir. Kí undirstrikar að menntamálaráðuneytið eigi samstarf við kennarasamtökin sem stendur undir nafni.

### **Umfjöllun um tillögur**

#### **Fyrsti kafli - Markmið 1. Koma á markvissu og skilvirku starfsnámi sem höfðar jafnt til yngri sem eldri nemenda.**

**Tillaga 1a).** Eins og áður telur Kí gagnlegast fyrir nemendur að einum aðila verði falin ábyrgð á námsferli þeirra frá upphafi til loka. Kí er þeirrar skoðunar að framhaldsskólarnir eigi að vera ábyrgðaaðilar með öllu námi og námsferli nemenda.

**Tillaga 1b).** Kí telur mikilvægt að áherslur í breiðu grunnámi (grunnstoðum) feli í sér fjölbreytta færniþætti, samskipti á móturmáli og erlendum málum, stærðfræðilæsi, færni í grunnþáttum almennrar menntunar, náms- og starfsráðgjöf/fræðslu, auka þurfi skuldbindingu nemenda í námi og við skólann og ábyrgð foreldra á námi og námsástundun barna sinna til 18 ára aldurs.

Kí leggur ríkt á um að aðgerðum verði fylgt eftir með stóruáskilningu útgáfu vandaðra og fjölbreytilegra náms- og kennslugagna og aðgengi að þeim, bæði í hefðbundnu og rafrænu formi. Kí bendir á að notkun rafræns kennsluefnis gerir kröfu um góðar nettengingar og tölvubúnað í skólum.

Kí telur mjög brýnt að námsgögn, bæði í hefðbundnu formi og rafrænu, verði nemendum að kostnaðarlausu, og að nemendur fái styrki vegna fæðis og ferða. Aðgerðir af þessu tagi eru mikilvægar til að minnka brotthvarf úr námi.

**Tillaga 1c).** Kí er sammála því að inngönguleiðir í starfsnám geti bæði verið úr vinnustaðanámi og skólanámi.

Fram kemur að gert sé ráð fyrir að yngri nemendur komi almennt inn í leið eitt til þrjú og eldri nemendur í leið þrjú til fjögur.

Kí spyr um muninn á leið eitt og tvö hvað varðar áherslur. Kí telur að nemendur sem velja leið eitt (faglegt grunnám) þurfi einnig á þeim áherslum að halda sem Kí telur að þurfi að vera í leið tvö (grunnstoðir).

Kí telur að þessar áherslur þurfi líka að vera fyrir hendi fyrir þá sem koma inn samkvæmt leið fjögur (endurkoma/raunfærnimat/brýr). Í þessum hópi eru meðal annars nemendur sem hafa horfið frá námi og þurfa á sérstökum stuðningi að halda.

Kí spyr um tengsl inngönguleiða við framhaldsskólapróf, fræðsluskyldu og framhaldsfræðslu. Þessi tengsl þarf að skýra.

Kí leggur áherslu á að tryggja jafnan aðgang nemenda að námi.

**Tillaga 1d).** Upptaka ferilbóka gerir ráð fyrir endurskoðun á starfsháttum í skólunum og þurfa aðgerðir að fela í sér áætlanir um skólaþróun. Lykilatriði er að kennurum verði skapaðar aðstæður í starfi til að vinna að þessum markmiðum og þeim veittur markviss stuðningur við símenntun og starfsþróun innan og utan skóla.

Einnig þarf að stórauka stuðning við skóla og kennara til að vinna með niðurstöður innra og ytra mats í umbóta- og þróunarstarfi.

Tilgreina þarf ábyrgðaraðila með gerð ferilbóka, innleiðingu og eftirfylgni með þeim.

**Tillaga 1e).** Kí telur heillavænlegra fyrir gæði starfsnámsins að skoða aðferðir við að ná fram meiri skilvirkni í vinnustaðahluta námsins með notkun ferilbóka og víxlverkun skólanáms og vinnustaðanáms.

Kí varar við því að minnka hæfnikröfur til starfsmenntunar. Flest hnígur í þá átt að styrkja þurfi námið í ljósi tæknibreytinga og vaxandi sérhæfingar á vinnumarkaði og undirbúning fyrir áframhaldandi nám, hér og erlendis.

**Tillaga 1f).** Að tengja útgönguleiðir starfsnáms við ákveðnar hæfnikröfur starfa og starfslýsingar stendur og fellur með því hvort atvinnulífið viðurkennir í raun menntun til ábyrgðar og launa.

Kí leggur áherslu á að nemendur hafi tryggar inngönguleiðir í skólana vilji þeir snúa aftur í nám.

**Tillaga 1g).** Gera þarf grein fyrir hverju er ólokið í sambandi við íslenska hæfnirammann, um hvaða atriði ekki er sátt, og hvers vegna.

**Tillaga 1h).** Kí tekur undir mikilvægi samræðu skóla, starfsgreinaráða og atvinnulífs um þróun á vinnumarkaði, störfum og þekkingu.

Kí bendir á að skólar þurfa að búa við stöðugleika í starfi og því getur námsframboð í starfsnámi ekki sveiflast til eftir því hvernig vindarnir blása í atvinnulífina hverju sinni. Nemendur í starfsnámi mennta sig ekki eingöngu til starfa á innlendum vinnumarkaði, heldur líka á erlendum vinnumarkaði og fyrir áframhaldandi nám, hér á landi og erlendis.

Kí varar við aðgangsstýringum í formi fjöldatakmarkana eða að settar verði hertar inngangskröfur.

**Tillaga 1i).** Kí telur mjög mikilvægt að tryggja að fyrir hendi sé menntakerfi í starfsnámsgreinum á einstökum landsvæðum. Mikilvægt er að formgera uppbyggingu menntaklasa og tilgreina þá aðila sem bera ábyrgð á því verkefni. Tilurð menntaklasa getur ekki verið komin undir áhuga og frumkvæði

einstaklinga hér og þar um landið. Menntamálaráðuneyti þarf að stýra þessu verkefni og tryggja skólum fjármuni og mannafla til að sinna því.

Kí leggur mikla áherslu á að tryggja aðgang nemenda að góðu húsnæði og fæði, heimavist í þeim skólum sem munu bjóða upp á starfsnám, tækni- og iðnnám á einstökum landsvæðum. Tryggja þarf nemendum jafnrétti til náms, og að námsdvöl og námskostnaður verði þeim að kostnaðarlausu.

Kí telur að skýra þurfi samhengi kjarnaskólafyrirkomulags við menntaklasa.

## **Annar kafli - Markmið 2. Efla vinnustaðanám og skapa aðstöðu fyrir alla nemendur til að ljúka sínu námi.**

**Tillaga 2a).** Kí telur mikilvægt að nemendur geti stundað vinnustaðanám á nokkrum vinnustöðum ef með þarf til að tryggja þjálfun í þeim færnipáttum sem námskrár gera kröfu um og ferilbækur.

**Tillaga 2b).** Kí leggur áherslu á að kennarar fái markvissan stuðning við símenntun og starfsþróun vegna notkunar ferilbóka í námi og námsmati. Skapa þarf kennurum aðstæður í starfi til að vinna að markmiðum um hlutverk ferilbóka í námi og námsmati.

Í skólum þarf að vera fyrir hendi skipulagður stuðningur við nýja kennara og ráðgjöf og leiðsögn fyrir alla kennara.

Gera þarf grein fyrir hvað felist í því að nefndir og skólar fylgi ferilbókum markvisst eftir og hvernig.

Hver ber ábyrgð á gerð, innleiðingu og eftirfylgni með ferilbókum?

**Tillaga 2c).** Kí leggur áherslu á að leiðbeinendum á vinnustöðum verði tryggð markviss þjálfun og að leitað verði að bestu fyrirmyndum um hana frá öðrum löndum sem hafa náð góðum árangri á þessu sviði.

Skapa þarf leiðbeinendum aðstæður í starfi til að vinna að markmiðum um hlutverk ferilbóka í námi og námsmati og veita þeim markvissan stuðning við símenntun og starfsþróun vegna notkunar ferilbóka í námi og námsmati. Byggja þarf upp skipulagðan stuðning við leiðbeinendur, ráðgjöf og leiðsögn.

Í tillögunni kemur fram að fyrirtæki fái ekki leyfi til að hafa nemendur í vinnustaðanámi og fjármuni til þessa úr sjóðnum nema að hafa menntaða leiðbeinendur á sínum vegum. Kí telur þessa tengingu vera mikilvæga, en auk þessa þurfi að hugsa fyrir miðlægum ábyrgðaraðila með þjálfun leiðbeinenda og að gæðaeftirlit sé til staðar með þjálfun þeirra.

**Tillaga 2d).** Menntamálaráðuneytið ber ábyrgð á að tryggja vinnustaðanámssjóð til framtíðar með nægum fjármunum. Aðgerðir standa og falla með því.

Kí bendir á að skólar þurfa að búa við stöðugleika í starfi og því getur námsframboð í starfsnámi ekki sveiflast til eftir því hvernig vindarnir blása í atvinnulífínu hverju sinni. Nemendur í starfsnámi mennta sig ekki eingöngu til starfa á innlendum vinnumarkaði, heldur líka á erlendum vinnumarkaði og fyrir áframhaldandi nám, hér á landi og erlendis.

Kí varar við aðgangsstýringum í formi fjöldatakmarkana eða að settar verði stífar inngangskröfur í tiltekið starfsnám.

**Tillaga 2e).** Aðstæður nemenda í fámennum greinum til að komast í vinnustaðanam eru erfiðar. Hér er lagt til að bregðast við þessu með svokallaðri „skólaleið“ sem felur í sér að vinnustaðanam nemenda verði að stórum hluta í skólanum.

Kí leggur áherslu á að „skólaleiðin“ verði ekki fjárhagslega íþyngjandi fyrir skólana. Kanna þarf fyrirmyndir frá öðrum löndum þar sem „skólaleiðin“ hefur verið notuð með góðum árangri. Tilgreina þarf ábyrgðaraðila með útfærslu „skólaleiðar“, samstarf við starfsnámsskóla, fjármuni til skóla og mannafla til að vinna að þessu verki.

**Tillaga 2f).** Kí telur mjög mikilvægt að efla tengiliðakerfi skólanna við atvinnulífið og þá sérstaklega tengsl kennara í skólunum og leiðbeinenda á vinnustöðum vegna notkunar ferilbóka og víxlverkunar skólanáms og vinnustaðanáms. Tilgreina þarf ábyrgðaraðila með þessu verkefni.

### **Þriðji kafli - Markmið 3. Byggja upp fagháskólastig til framtíðar.**

**Tillaga 3a).** Kí telur að menntamálaráðuneytið þurfi að hafa forgöngu um að stofna fasta samráðsnefnd háskóla og starfsmenntunar til að móta greiðar leiðir fyrir nemendur til háskólanáms og samfelli í námi milli skólastiga.

**Tillaga 3b).** Kí telur að stofnun fagháskólastigs yrði mikilvægur liður í því að styrkja faglegan sess og ímynd starfsmenntunar. Undirbúa þarf vel stofnun fagháskólastigsins og ekki að fara af stað með það nema fjármunir til reksturs og búnaðarkaupa verði tryggðir. Kí telur rétt að stofna nefnd í þessum tilgangi.

Kí telur að fagháskólastigið eigi að vera millistig milli framhaldsskóla og háskóla og þar eigi það nám heima sem nú er á fjórða þrepi framhaldsskóla, svo sem meistaranám, iðnfræði, og ýmiskonar nám sem komið er „upp úr þaki“ framhaldsskóla. Úr fagháskólanáminu þurfa að vera greiðar leiðir til háskólanáms í verk- og tæknigreinum.

Kí telur að sumir framhaldsskólar hafi tryggar faglegar forsendur til að vera jafnframt fagháskólar starfsmenntunar.

### **Fjórði kafli - Markmið 4. Koma á skilvirkri stjórnsýslu starfsmenntamála.**

**Tillaga 4a).** Kí bendir á að aðgerðaáætlun um starfsnám byggir á hvítbók menntamálaráðherra. Ábyrgð og forystuhlutverk ráðherra og ráðuneytis er afgerandi í framkvæmd allra aðgerða. Lykilatriði er að tryggja skólum fjármuni og mannafla til að vinna að þeim.

**Tillaga 4b).** Kí telur ekki vera ástæðu til að koma á nýrri stefnumótandi nefnd. Kí telur að starfsgreinanefnd eigi að hafa það hlutverk að vera stefnumótandi fyrir starfsmenntun og starfsgreinaráðin eins og verið hefur. Einnig þarf að hugsa fyrir eðlilegri endurnýjun í nefndinni með tilliti til kynjaskiptingar og aldursdreifingar og að góð tengsl séu við baklandið.

**Tillaga 4c).** Vel má hugsa sér það fyrirkomulag að nýir fulltrúar séu tilnefndir í starfsgreinaráðin með reglulegu millibili, en á hinn bóginn er samfella í starfi ráðanna líka mikilvæg. Aðalatriði er að starfsgreinaráðin endurspegli aldursdreifingu og kynjaskiptingu starfsgreina og að þau séu farvegur fyrir þróun nýrra greina og starfa.

Hver ber ábyrgð á að byggja upp „dýnamísk“ starfsgreinaráð?

KÍ leggur mikla áherslu á að menntamálaráðuneytið greiði framvegis fyrir þátttöku fulltrúa KÍ í starfsgreinaráðunum eins og gert var til 2008. KÍ telur óásættanlegt að kennarasamtökin leggi ráðuneytinu til ókeypis sérfræðivinnu sem það á með réttu að greiða fyrir.

**Tillaga 4d).** Tillögur um að skerpa á hlutverki starfsgreinaráða eru mikilvægar og einnig þarf að skapa starfsgreinaráðunum góð starfsskilyrði.

Mikilvægt er að starfsgreinaráðin fái til umsagnar námskrár frá skólum sem varða starfsnám.

**Tillaga 4e).** KÍ telur þarft að tryggja samræmt skipulag og ut anumhald um starfsemi starfsgreinaráða, efla tengingu starfsgreinaráða við ráðuneytið og í gegnum starfsgreinanevnd. Tilgreina þarf hvernig eigi að vinna að þessu.

**Tillaga 4f).** KÍ telur þarft að skipa eina nemaleyfisnevnd fyrir hvert starfsgreinaráð, skerpa á hlutverki nemaleyfisnefnda með því að skilgreina það í reglugerð og gera starfsgreinaráðum skylt að setja þeim starfsreglur.

**Tillaga 4g).** KÍ telur að koma þurfi á föstu samráði sveinsprófsnefnda, nemaleyfisnefnda og starfsnámsskóla.

**Tillaga 4h).** KÍ telur þarft að byggja upp miðlæga upplýsingaveitu um starfsnám sem verði hluti af upplýsingaveitu um framhaldsskóla. Hafa þarf náið samráð við starfsnámsskóla um þetta.

**Tillaga 4i).** Hér er lagt til að koma á gæðamati sem nær til starfsnáms í heild, skólanáms og vinnustaðanáms.

KÍ spyr hvort umrætt gæðamat sé hluti af lögbundnu ytra mati á framhaldsskólum og áætlunum um það. Hver ber ábyrgð á gæðamati starfsnáms, gerð, innleiðingu og eftirfylgni?

KÍ bendir á að verulega skortir á stuðning við skóla og kennara til að vinna með niðurstöður innra og ytra mats í umbóta- og þróunarstarfi. Til að mat á skólastarfi komi að gagni þarf ráðuneytið að fylgja niðurstöðum eftir með ráðgjöf og fjármunum til skóla.

**Tillaga 4j).** Óljóst er hvað átt er við með að endurskoðun á samningum við þjónustuaðila taki mið af aðgerðaáætlun um umbætur í starfsmenntun.

## **Fimmti kafli - Markmið 5. Fjölga nemendum sem velja starfsnám á framhaldsskólastigi og ljúka því.**

**Tillaga 5a).** Myndin af stuðningsneti fyrir nemendur segir lítið. Með hefðu þurft að fylgja útlistanir á einstökum þáttum og hvernig á að vinna að þeim. Hver ber ábyrgð á því að byggja upp stuðningsnet, innleiðingu þess og eftirfylgni?

KÍ telur að koma þurfi upp stuðningsneti í öllum skólum, og að það verði að lágmarki í boði fyrir nemendur til 18 ára aldurs.

Sér verkefnahópurinn fyrir sér að stuðningsnetið verði einungis fyrir nemendur í starfsnámi?

KÍ bendir á að ekki er fyrir hendi í lögum KÍ um framhaldsskóla skilgreindur réttur nemenda til umsjónar og ekki heldur til ráðgjafar sálfræðinga eða fagfólks í heilsuverndarmálum.

**Tillaga 5b).** Kí telur tillögur um að efla kynningu á starfsnámi í grunnskólum vera ágætar. Tilgreina þarf ábyrgðaraðila með þessum verkefnum.

Kí telur engu að síður að kynningar einar og sér dugi ekki til að auka aðsókn grunnskólanema í starfsnám, verk- og tækninám á framhaldsskólastigi. Leggja þarf áherslu á að efla nám í grunnskólum í verk- og listgreinum til að auka aðsókn grunnskólanemenda í starfs, verk- og tækninám á framhaldsskólastigi.

Kí telur einnig mikilvægt að formgera samstarf grunnskóla og framhaldsskóla um skýrar leiðir fyrir nemendur til að stunda nám samtímis á tveimur skólastigum, starfsnám, verk- og tækninám í framhaldsskóla, áður en grunnskólanámi er lokið, til að efla samfellu í námi milli skólastiga.

**Tillaga 5c).** Kí telur eflingu á hlutverki náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum og framhaldsskólum vera forsendu fyrir því að til verði burðugt stoðkerfi til stuðnings við nemendur, námsástundun og skuldbindingu í námi.

Tilgreina þarf miðlæga ábyrgð með því að efla hlutverk náms- og starfsráðgjafa á grunnskólastigi og framhaldsskólastigi.

Kí leggur mikla áherslu á að grunnskólum og framhaldsskólum verði tryggt fjármagn til að ráða fleiri náms- og starfsráðgjafa til starfa og að sett verði viðmið um nemendafjölda á hvert stöðugildi í ráðgjöf svo að ráðgjafar hafi raunverulegar aðstæður í starfi til að sinna náms- og starfsráðgjöf við nemendur. Einnig er nauðsynlegt að náms- og starfsráðgjafar fái markvissan stuðning við símenntun og starfsþróun, aðstæður og möguleika til að sinna símenntun og starfsþróun.

Kí telur mjög bagalegt að tillögur verkefnahóps um náms- og starfsráðgjöf hafi ekki komið til umsagnar í samráðshópnum.

**Tillaga 5d).** Myndræn framsetning af starfsnámi er eflaust gagnleg fyrir nemendur, foreldra og aðra aðila. Væntanlega verður framsetningin hluti af miðlægri upplýsingaveitu um starfsnám og um framhaldsskóla.

**Tillaga 5e).** Kí telur að áhugasviðsgreining eigi að vera í boði fyrir nemendur í grunnskólum og framhaldsskólum og hluti af aukinni og reglulegri náms- og starfsráðgjöf og náms- og starfsfræðslu fyrir nemendur.

Kí telur samræmd próf eða samræmt mat á getu nemenda á sviði verk, starfs- og tæknigreina í grunnskólum ekki vera rétta leið til að gera þeim greinum hærra undir höfði. Kí telur þessa aðferð vera skyndilausn í menntamálum.

Til að gera veg starfsmenntunar meiri þarf að vinna að málum á mörgum sviðum sem stjórnvöld þurfa að hafa forgöngu um í samstarfi við þá aðila sem koma að menntakerfi starfsmenntunar. Í inngangi umsagnar Kí er bent á atriði í þessu sambandi.

Virðingarfyllt

F.h. Kennarasambands Íslands

*Aðalheiður Steingrimsdóttir*  
Aðalheiður Steingrimsdóttir fulltrúi KÍ í samráðshópi